

Beint í hjartastað

Sýning Eiríks Smith að Kjarvalsstöðum


Það er vist ekki ofsögum sagt að sýningu Eiríks Smith að Kjarvalsstöðum hafi verið tekið með kostum og kynjum. Á fyrsta degi skilst mér að nálægt 70% hennar hafi selst og er ég kom á vettvang eftir síðustu helgi mátti nánast telja óseld verk á fingrum sér. Nú má segja að strangt til tekið komi það gagnrýnanda ekki þar við hvort listamaður selur mikið eða lítið. Hans verk hlýtur að vera að fjalla um sýningar eins og þær koma honum fyrir sjónir, burtséð frá vinsældum þeirra hverju sinni.

En mikil sala á listaverkum er engu að síður athyglisvert fyrirbæri, bæði menningarlega og félagsfræðilega, sem ekki má yta til hliðar. Sala af þessu tagi getur verið vottur um gagngerar breytingar á listamekk, fjárfestingarsjónarmið, eða þá að listamaðurinn hefur hitt á streng sem skyndilega á sér enduróm í vitund fjölda fólks.

Sala í kreppu

Og þá er gaman að vita hver sá strengur er því svarið getur gefið manni visbendingar um tíðaranda, hugarfar almennings í listrænum efnum og ýmislegt fleira sem þjóðin hlýtur að vilja vita um sjálfa sig.

Hvað sem þessu líður er það merki-



Eiríkur Smith ásamt einu verka sinna, Farfuglar.

ýmsir þeir þættir sem við Íslendingar höfum löngum verið veikir fyrir.

Við leggjum mikið upp úr tiltölulega raunsæjum staðarlýsingum en kunnnum þó vel að meta ljóðræna innlifun listamannsins og alla dulúð tengda landslagi — enda segir barnatrúin okkur að álfar og vættir búi í að svarið sé að finna í verkunum sjálfum. Í þeim fara nefnilega saman

hverjum hól. Þar að auki finnum við stöku sinnum fyrir sektarkennd varðandi fortíðina sem við svo skyndilega hristum af okkur til að gerast þátttakendur í tuttugustu öldinni. Því er eins og öll gömul minni úr sveitum eða af sjávarsíðunni hitti okkur beint í hjartastað: gamlir bátar, gömul amboð, hús að falli komin.

Víða borið niður

Og þessu tekst Eiríki að koma til skila með þeirri faguðu tækni sem hann hefur verið að þróa með sér undanfarinn áratug. Hér er ekki verið að gefa í skyn að Eiríkur hafi komið sér upp óbrigðullu söluformúlu. Sem væri út af fyrir sig talsvert afrek. Þau verk sem hann sýnir nú eru afleiðing margra ára tilrauna og heilabrotu, bæði um tækni og innatak, eftir rúman áratug úti í kulda afstraksjónarinnar. Efist nokkur um heilindi listamannsins skal honum bent á nýlegt viðtal í Lesbók Mbl.

Í leit sinni hefur Eiríkur borið niður víða, t.d. í ljóðrænu raunsæi Wyeths, kannski í súrrealisma og nýju bandarísku raunsæi, en þar sem honum tekst best upp, í myndum eins mun líklegri e.ú þær til að koma hverri mynd til góða, skapa þann mystiska hugblæ sem listamanninum er í mun að koma til skila. En þegar listamaðurinn plantar andlitum af glamörpium inn í landslag án nokkurs sjáanlegs fyrirvara eða tilgangs, þá er verkunum ofgert. Þetta er því miður áberandi áráttu hjá Eiríki.

Sjálfur hef ég meira upp úr þeim myndum hans þar sem ýmiss konar einkennileg afstrakt mótíf rjúfa



Eiríkur Smith — Vetur við hafnargarðinn, olía.

leg staðreynd að þessi mikla sala á verkum Eiríks (sem jafna má við sölu Errós og Kjarvals forðum daga) skuli eiga sér stað nú þegar fólk virðist yfirleitt varkært í peningamálum. Reyndar hafa margir aðrir listamenn þá sögu að segja að hin svokallaða „kreppa“ í þjóðfélaginu hafi enn sem komið er lítil áhrif haft á listaverkakaup en eins og allir vita verða listirnar yfirleitt fyrst fyrir barðinu á slæmu kreppuástandi. Kannski að hér sé engin kreppa eftir allt saman? Eða þá að kaup og sala listaverka á Íslandi lúta allt öðrum lögmálum en annars staðar í hinum vestræna heimi. Slíkt kæmi mér hreint ekki á óvart.

Gömul amboð

Nú væri eflaust hægt að fá á hreint, með þartilgerðri félagsfræðilegri könnun, hvers vegna Eiríkur Smith nýtur þessarar miklu lýðhylli sem myndlistarmaður. Mér sýnist þó



ADALSTEINN INGÓLFSSON

Myndlist

og Farfuglar (nr. 48), Að kvöldi skal dag lofa (nr. 35) og Á sandinum (nr. 42) — svo nefndar séu nokkrar metnaðarfullustu myndir Eiríks — er tóninn hans eigin og jafnframt íslenskastur.

Gera manni bilt við

Að visu er ég ekki sáttur við allar lausnir hans. Dulúð mynda sinna magnar hann tíðum upp með verum sem eru á flök nálaggt meginmótífínu og því óskryrari sem þær eru þeim

skyndilega þá værd sem listamaðurinn hefur skapað í landslagi, gera manni bilt við og neyða mann til að skoða allt myndefnið upp á nýtt.

Hér hef ég að sjálfsgöðu verið að tala bæði um olíumálverk Eiríks og vatnslitamyndir, en hvortveggja miðla áhorfandanum tæru ljósi í ofanálag.

Í þjóðsagnamyndum sýnir Eiríkur á sér nýja hlið, bæði stórkarlegan hómur og dramatískt myndskyn. Bestar þeirra þykja mér Sálín hans Jóns míns, Tungustapi og Djákninn á Myrká.

- AI

Fóstbræðrasöngur

Samsöngvar Fóstbræðra í Austurbæjarbíólí. Söngstjóri: Ragnar Björnsson. Undirleikari: Guðrún A. Krístinsdóttir. Einaöngvarar: Hákon Oddgeirsson og Örn Birgisson.

Efnisakrá: Færeysk vísu og kvæðalög; Ragnar Björnsson: Sultur; Jón Ásgeirsson: Óráð, Riddarinn, Ódysseusur hinn nýi, Heimþrá, Til minningar um misheppnaðan tónanilling, Undirskrift; Jón Ásgeirsson, Jón Þórarinnsson,

Jónas Ingimundarson og Ragnar Björnsson: Blómaróar, víð ljóð Helga Sæmundssonar; Jón Nordal: Lausavísa frá Sturlungaöld; Fjögur ungversk þjóðlög í útsætn. Béla Bartók.

Færeyjabrandarar

Þegar stórveldið Ísland lætur svo lítið að taka eftir því að eitthvað sé til

sem heitir færeysk menning, er það alla jafna með undrunarsvip yfir því að þetta fyrirbæri skuli vera til, miðað við aðstæður, fólksfjölda og allt það. Við Íslendingar könnumst við fyrirbærið af vörum annarra stórvelda um okkur og tökum misjafnlega. Ég efast ekki um að Fóstbræðr-

um gekk gott eitt til að taka upp í efnisskrá sína færeysk lög, sem þeir sungu ágætlega þokkalega. Framburður þeirra á færeysku var hins vegar fyrir neðan allar hellur. Enginn ætlast til að íslenskur almenningur ráði við tvíhljóðatilhneigingar færeyskra sérhljóða, en flest annað í framburði færeysku ætti menn fyrirhafnarlítið að ráða við. Hefðu áheyrendur verið að hlýða á færeyskan kór klæmast svo á íslenskum texta sem Fóstbræður á færeyskum, hefðu flestir viðstaddra hlegið sig máttlausa.

Djöfulskapur

Ekki veit ég hvernig þeir fóru að því að þæla í gegnum Sult eftir söngstjóra sinn, Fóstbræðurnir, þessa eins og hann sjálfur kallar það „djöfullega óaðgengilegu músík til söngs“, en það sýnir ótvírætt styrk þeirra sem karlakórs.

Drengurinn sá syngur með þúra náttúruvörð, sem er eins og óslípaður demantur.

Stóra bomban

Stóra bomban í samsöng þessum voru Blómaróar Helga Sæmundssonar. Fjórir Fóstbræðrasöngstjórar spreyttu sig á lagsmið við kvæði Helga. Bráðsniðugt uppátæki og lög-in hvert öðru ljúfara. Hér verður ekki gert upp á milli þeirra heldur bent á að þau mættu gjarna koma út í góðri hljóðritun.

Vísu Gizzurar Þorvaldssonar, fyrsta skráða hljóðfæraeiganda á Íslandi, nýtur sín vel í laggerð Jóns Nordal og minnir um leið á að íslensk tónlist á samleið með kveðskap þjóðarinnar frá hvaða tíma sem er.

Samsöngvunum lauk svo með fjórum ungverskum þjóðlögum í snilldarútsætingum Béla Bartóks.



Karlakórinn Fóstbræður.

Tónlist

Sex lög Jóns Ásgeirssonar runnu ljúflega af vörum kórsins og einsöngvaranna. Hákon Örugger að vanda, en var óvænt yfirskyggður af ungum Akureyringi, Erni Birgissyni.

Fóstbræður sungu þau þrýðilega, sem fyrr, svo að þannig lauk söngnum miklum mun betur en hann upphófst.

- EM



EYJÓLFUR MELSTED